

**Frístundaráð Akureyrar  
c/o Ellert Örn Erlingsson  
Rósenborg  
Akureyri**



**Efni: Íþróttadeild óskar eftir umsögn stjórnar ÍBA um styrktarbeiðni rafíþróttadeildar Þórs til búnaðarkaupa (tölvukaupa) vegna uppbyggingar deildarinnar.**

Stjórn ÍBA fjallaði um málið á fundi sínum 4. mars sl. Rafíþróttir hafa notið ört vaxandi vinsælda víða um heim þó vissulega hafi verið í gangi umræða um hvort um íþrótt sé að ræða. Rafíþróttir hafa verið stundaðar innan vébanda íþróttafélaga undir hatti Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) um nokkurt skeið og hefur reynslan verið góð, að sögn framkvæmdastjóra bandalagsins. Iðkendum tölvuleikja er hætt við að einangrast heima í herbergi en með skipulögðu rafíþróttastarfi gefst þeim kostur á að vera hluti af félagsstarfi og þannig getur starfsemin rofið þessa félagslegu einangrun. Sú staðreynd að iðkendur rafíþróttadeilda fái líkamlega hreyfingu á öllum æfingum, auk reglulegrar fræðslu um heilbrigðan lífstíl, er samfélagi okkar til bóta. Stjórn ÍBA tekur því vel í rekstur slíkrar rafíþróttadeildar innan Þórs. Reykjavíkurborg fór þá leið að ÍTR veitti rafíþróttadeildum Fylkis, Ármanns og KR fjárhagslegan stuðning til búnaðarkaupa við stofnun deildanna en kemur að öðru leyti ekki að rekstri þeirra. Sambærilegt mótél gæti verið ákjósanlegt hvað varðar rafíþróttadeild Þórs.

F.h. stjórnar ÍBA,

Helgi Rúnar Bragason  
Framkvæmdastjóri ÍBA